



# Ársskýrsla 2017

 Rauði krossinn

## Efnisyfirlit

Ávarp formanns	4
----------------	---

## Innanlandssvið 5

Verkefni deilda	6
-----------------	---

Sjálfboðaliðar, félagar og námskeiðahald	6
Sjálfboðaliðaverkefni og fjöldi sjálfboðaliða í hverju verkefni fyrir sig	6
Virkir sjálfboðaliðar eftir kyni	6
Aldur virkra sjálfboðaliða, fjöldi eftir aldursflokkum	6
Yfirlit yfir sjálfboðaliðaverkefni Rauða krossins á Íslandi	7
Einstaklingsaðstoð	8
Móttaka flóttafólks	8

## Ný verkefni og breytingar á árinu 8

Símavinir	8
Gestir og gangandi	8
Karlar í skúrum	8
Leiðsögumenn flóttafólks	9
Undirbúningur fyrir ný verkefni	9
Frú Ragnheiður	9
Lækur	9
Ný fataverslun á Húsavík	9
Tómstundasjóður flóttabarna	9
Áfallasjóður	9
Neyðarvarnir	10
Forvarnaverkefnið 3 dagar	10
Sálfélagslegur stuðningur	10
Skyndihjálp	10
Vefnámskeið í skyndihjálp á nýjum námskeiðsvef	10
Útköll og sjúkragæsluviðburðir ársins	11
Pú getur hjálpað – skyndihjálparveggspjald	12
Skyndihjálparmaður ársins 2016	12
112-dagurinn	13
Hjálparsími Rauða krossins 1717 og netspjallið	13
Sýnileiki og auglýsingar	13
Tölfræði símtala og spjalla	14

## Fjáröflunar- og kynningarvið 15

Kynningar- og markaðsmál	16
--------------------------	----

Árið 2017 var viðburðarríkt sem fyrri ár	16
--	----

## Fræðsla og viðburðir 16

Fræðslufundir	16
Kynningar	16
Evrópuvika gegn kynbáttamisrétti	16
Sjálfboðaliðaping – Dagur í lífi Rauða krossins	17
Hjálpin	17

## Alþjóðlegt samstarf 17

EPSPG fundir	17
Skillshare	17

## Samstarf 17

Smán	17
Ibby	18

## Fjölmiðlar 18

Fjölmiðlaumfjöllun	18
Samfélagsmiðlar	18

<b>Fjáraflanir</b> .....	<b>18</b>
Mannvínir .....	18
Fatasöfnun .....	18
Rauðakrossbúðirnar .....	19
Erfðagjafir .....	19
Jólahefti .....	19
Tombólubörn og aðrir velunnarar .....	20

## **Hjálpar- og mannúðarsvið** .....

**21**

Umsækjendur um alþjóðlega vernd .....	22
Erlend verkefni .....	24
Framlög frá utanríkisráðuneytinu .....	24
Verkefni Rauða krossins á Íslandi á alþjóðlegum vettvangi .....	25

## **Ný verkefni og breytingar á árinu** .....

**27**

Brúun hins stafræna bils .....	27
Grænland .....	27
Sómalía .....	27
Sýrland .....	27
Úganda .....	27
Suður-Súdan .....	28
Blæðingar, aðstoð til kvenna á neyðarsvæðum .....	28
Safnanir fyrir neyðaraðstoð .....	29
Sendifulltrúar Rauða krossins á Íslandi árið 2017 .....	29
Samanburðartafla 2012 – 2017 yfir fjölda útsendra sendifulltrúa á einu ári .....	29
Fjölbreytt verkefni víða um heim. Staðsetning sendifulltrúa .....	29
Alþjóðleg námskeið fyrir verðandi sendifulltrúa .....	30

## **Fjármál** .....

**31**

Tekjur og framlög 2016 .....	32
Lykiltölur úr rekstrinum .....	32
Tekjur og útgjöld 2016 .....	33



Sveinn Kristinsson formaður Rauða krossins á Íslandi

## Sjálfbóðaliðar eru mikilvægasti hópurinn

### Ágætu lesendur

Rauði krossinn á Íslandi er öflugt félag og er hluti af stærstu mannúðarhreyfingu heims. Félagar og sjálfbóðaliðar skipta þúsundum. Fjárhagurinn er traustur og félagið er rekið af ábyrgð og vandar allt sitt starf. Almennigur í landinu er sem fyrr fús að veita Rauða krossinum liðsinni sitt og treystir félaginu til góðra verka.

Í þessari ársskýrslu kemur glögg í ljós hversu starf Rauða krossins er víðtækt og yfirgripsmikið. Verkefni eru svo mörg og ólík, sum eru einföld í sniðum, en önnur flókin, vandasöm og viðkvæm. Að þessum verkefnum starfa starfsmenn félagsins og sjálfbóðaliðar, oftast hlið við hlið, en sum eru unnin eingöngu af sjálfbóðaliðum. Þó félagið búi að öflugum starfsfólki og ýmiss konar sérfræðingum þá eru sjálfbóðaliðarnir jafnan mikilvægasti hópurinn. Án þeirra væru verkefni færri og einsleitari, þau myndu ekki dreifast um allt land eins og nú er raunin. Rauða kross hreyfingin er einmitt

fyrst og fremst borin upp af sjálfbóðaliðum, fólki sem er tilbúið að gefa tíma sinn, umhyggju sína og gæsku í þágu góðs málstaðar og vinna í þágu mannúðar.

Ég hvet ykkur til þess að skoða þessa skýrslu vel, hún gefur góða mynd af starfi Rauða krossins á Íslandi. Þar sést að verkefni eru mörg, þörfin er víða og nóg pláss fyrir þá sem vilja vinna samfélagi sínu bót, rétta hjálparhönd og aðstoða. Við búum í góðu þjóðfélagi, en alltaf verða einhverjir sem þurfa á liðsinni að halda einhvern tíma á ævinni. Þess vegna er svo mikilvægt að sem flestir komi í sjálfbóðaliðahópinn.

Með kærri kveðju  
Sveinn Kristinsson,  
formaður Rauða krossins á Íslandi



# Innanlandssvið

Alls eru 42 deildir starfandi víðs vegar um landið auk landsskrifstofu. Deildasvið og neyðarvarnarsvið sameinuðust á árinu í eitt svið sem ber heitið innanlandssvið.

Sem fyrr eru verkefnin afar fjölbreytt; allt frá neyðarvörnum, sem er skylduverkefni allra deilda, til fataverkefna, námsaðstoðar og verkefna sem ætlað er að koma í veg fyrir félagslega einangrun.

# Verkefni deilda

## Sjálfbóðaliðar, félagar og námskeiðahald

Sjálfbóðaliðar eru grunnurinn að öllu starfi Rauða krossins og ljóst að Rauði krossinn væri ekkert án sjálfbóðaliða. Störf sjálfbóðaliða voru fjölbreytt og öflug á árinu líkt og fyrr ári, en starfandi sjálfbóðaliðar voru 3073 í lok árs 2017. Félagar í Rauða krossinum voru tæplega 20.000 en nýir félagar voru 358. Grunnnámskeið um Rauða krossinn var uppfært á árinu en allir sjálfbóðaliðar þurfa að ljúka því áður en þeir hefja störf. Námskeiðið er aðgengilegt á nýjum námskeiðsvef Rauða krossins, [namskeid.raudikrossinn.is](http://namskeid.raudikrossinn.is)


## Sjálfbóðaliðaverkefni og fjöldi sjálfbóðaliða í hverju verkefni fyrir sig

Tegund verkefna	Fjöldi í verkefnum
Alþjóðleg samvinna	6
Á sjúkrahúsum	16
Breiðholt	4
Fatabúðir	272
Fataflokkur	209
Flóttamannaverkefni	4
Föt sem framlag	398
Heilahristingur	23
Heimsóknir	413
Hjálparsími 1717	85
Konukot	12
Kvennadeild	87
Neyðarvarnir	609
Skaðaminnkun - Frú Ragnheiður	194
Skyndihjálp	101
Starf í athvarfi	107
Starf með innflytjendum	459
Starf með ungu fólki	126
Stjórna- og nefndastörf	460
Annað	156
<b>Samtals</b>	<b>3.741</b>

Ef skoðuð eru verkefni og fjöldi sjálfbóðaliða í þeim er staðan þessi. Athygli er vakin á því að heildarfjöldi sjálfbóðaliða samkvæmt fjölda í verkefnum er 3741.


Heildarfjöldi virkra sjálfbóðaliða þegar hann er skoðaður eftir kynjum er 2.980 og eftir aldri er 3.073. Möguleg skýring á mismundandi fjölda sjálfbóðaliða eru mistök í skráningu.

## Virkir sjálfbóðaliðar eftir kyni



\* þeir sem ekki gáfu upp kyn eða var ekki hægt að greina út frá nafni


## Aldur virkra sjálfbóðaliða, fjöldi eftir aldursflokkum



Rauði krossinn stóð fyrir fjölda námskeiða á árinu þar sem þátttakendur voru yfir 8.600. Langflestir tóku þátt í námskeiðum í skyndihjálp.

Tegundir námskeiða	Fjöldi námskeiða	Fjöldi þátttakenda
Grunnnámskeið	13	233
Fræðsla	25	691
Heimsóknvinnanámsskeið	23	159
Inngangur að neyðarvörnum	8	150
Sálrænn stuðningur	12	154
Sálrænn stuðningur II	1	8
Leiðbeinendanámskeið í sálrænum stuðningi	1	20
Á flóttu	1	32
Börn og umhverfi	24	303
Skyndihjálp - 4 klukkustundir eða minna	245	4.052
Skyndihjálp - 8 klukkustundir	17	234
Skyndihjálp - 12 klukkustundir	65	1.155
Slys og veikindi barna	11	176
Endurlífgun	71	1.095
Skyndihjálp og björgun	19	176
<b>Samtals</b>	<b>536</b>	<b>8.638</b>

# Yfirlit yfir sjálfboðaliðaverkefni Rauða krossins á Íslandi



## Einstaklingsaðstoð

26 deildir veittu aðstoð til einstaklinga og fjölskyldna fyrir jólin. Samvinna á milli hjálparsamtaka hefur aukist og sjaldgæft að deildir standi einar fyrir jólaaðstoð. Heildarúthlutun samtaka og félaga nam um 19 milljónum króna, þar af úthlutaði Rauði krossinn rúmlega þremur milljónum króna. Arion banki, sem er aðal viðskiptabanki Rauða krossins studdi jólaaðstoðina með 2 milljóna króna framlagi.

## Móttaka flóttafólks

Í janúar komu 47 sýrlenskir flóttamenn til landsins, í boði íslenskra stjórnvalda, en fólkið hafði búið í flóttamannabúðum í Líbanon síðustu ár. Alls settist 21 einstaklingur að í Reykjavík, Hveragerði og Árborg tóku á móti 21 einstaklingi og Akureyri á móti 5 manns. Rauði krossinn gegnir mikilvægu hlutverki við undirbúning og móttöku fólksins til landsins en sjálfbóðaliðar Rauðakrossdeilda sjá m.a. um að innrétta íbúðir áður en fólkið kemur til landsins. Stuðningsfjölskyldur og leiðsögumenn Rauða krossins veita umfangsmikinn stuðning, almennar leiðbeiningar, fræðslu og ráðgjöf og vísa á úrræði sem til boða eru. Þá eru ýmis konar námskeið í boði, t.d. um einkenni ofurálags og áfallastreitu. Leitarþjónusta Rauða krossins getur einnig gegnt hlutverki ef fólk hefur orðið viðskila við nána ættingja sína.



Kvótaflóttafólk í Vestmannaeyjaferð

Móttaka flóttafólksins 2017 var sú fyrsta sem unnin var eftir nýjum samningi milli Rauða krossins á Íslandi og velferðarráðuneytisins um móttöku flóttafólks. Umsækjendum um alþjóðlega vernd hefur fjölgað mjög sl. ár en þeir sem fengið hafa stöðu flóttamanns eftir umsóknarferli hafa hingað til fengið minni þjónustu en þeir sem koma til Íslands í boði íslenska ríkisins. Samningnum, sem er til þriggja ára, er ætlað að jafna þjónustu við flóttafólk á Íslandi, hvort sem það kemur á eigin vegum eða í boði íslenskra stjórnvalda. Vonir standa til að með samningnum verði gagnkvæm aðlögun flóttafólks og heimamanna betri auk þess sem þjónusta við fólk sem kemur eftir ólíkum leiðum til landsins verði jöfnuð.

## Ný verkefni og breytingar á árinu

### Símavinir

Símavinir er verkefni þar sem sjálfbóðaliðar hringja til einstaklinga sem þess óska. Um er að ræða vinaspjall í allt að hálf tíma í senn, tvisvar í viku á þeim tíma sem báðum aðilum hentar. Verkefnið er byggt upp á svipaðan hátt og heimsóknavinir Rauða krossins en með notkun síma verða fjarlægðir ekki hindrun og því auðvelt að eignast símavini allt í kringum landið.



Skjáskot úr kynningarmyndbandi um símavini

### Gestir og gangandi

Verkefnið er samstarfsverkefni Rauða krossins í Reykjavík og Ferðafélags Íslands þar sem farið er í göngur og íslenskrar náttúru notið saman. Verkefninu er sérstaklega beint að umsækjendum um alþjóðlega vernd og flóttafólki til að virkja og efla.



Gestir og gangandi í gönguferð

### Karlar í skúrum

Karlar í skúrum er verkefni að ástralskri fyrirmynd, *Men in Sheds*, sem Hafnafjarðar- og Garðabæjardeild hóf undirbúning að á árinu. Verkefninu er ætlað að koma í veg fyrir félagslega einangrun og neikvæðar afleiðingar hennar, t.d. með því að skapa vettvang fyrir karlmenn til að hittast á þeirra eigin forsendum og vinna saman, eða hver og einn, að verkefnum í höndunum, t.d. að smíðavinnu.





Nýr bíll Frú Ragnheiðar við Hallgrímskirkju

### Leiðsögumenn flóttafólks

Leiðsögumenn flóttafólks hófu göngu sína á árinu hjá Rauða krossinum í Reykjavík. Verkefninu er ætlað að jafna þann aðstöðumun sem annars vegar kvótaflóttafólk hefur haft og hins vegar flóttafólk sem komið hefur til Íslands á eigin vegum. Unnið er að því að valdefla einstaklinga og vinna að farsælli og gagnkvæmri aðlögun. Reynt er að para tvo og tvo saman, þ.e. leiðsögumenn, sem eru sjálfbóðaliðar og hafa góðan skilning á íslensku samfélagi og svo flóttafólk sem er að stíga sín fyrstu skref á Íslandi. Verkefnið hefur mælst vel fyrir og í árslok voru 27 pör í verkefninu.

### Undirbúningur fyrir ný verkefni

Undirbúningur hófst fyrir a.m.k. tvö ný verkefni á árinu. Annars vegar hjá Eyjafjarðardeild fyrir skaðaminnkandi verkefnið Ungfrú Ragnheiði sem er í anda Frú Ragnheiðar þar sem ekið er um bæinn og veitt nála-skiptapjónusta og heilbrigðisaðstoð. Þá hófst undirbúningur hjá Kópavogsdeild fyrir verkefni með fólki eftir afplánun og áætlað er að það hefji göngu sína á haustmánuðum 2018.

### Frú Ragnheiður

Frú Ragnheiður, skaðaminnkunarþjónustan á höfuðborgarsvæðinu fékk afhentan nýjan, sérútbúinn bíl á árinu. Bíllinn er stærri en sá fyrri og hentar enn betur til að sinna skjólstæðingum.

### Lækur

Hafnarfjarðar- og Garðabæjardeild hætti beinni aðkomu að rekstri Lækjar þegar Hafnarfjarðarbær tók reksturinn yfir og er Lækur því rekinn af sveitarfélaginu líkt og Dvöl í Kópavogi og Laut á Akureyri. Sjálfbóðaliðar Rauða krossins halda þó áfram að sinna verkefnum í Læk.

### Ný fataverslun á Húsavík

Ný verslun opnaði á Húsavík á vormánuðum og er hún opin á þriðjudögum og fimmtudögum á milli kl. 16-18.



Mynd frá undirbúningi vegna opunar nýju verslunarinnar

### Tómstundasjóður flóttabarna

Tómstundasjóður fyrir börn flóttafólks hefur það að markmiði að styðja börn til þess að taka þátt í því sem hugur þeirra stendur til og ekki er stutt af öðrum, s.s. sveitarfélögum eða ríki. Aukinn ásókn var í sjóðinn á árinu og voru umsóknirnar 63.

CCEP Ísland ehf. (áður Vífilfell) styrkti Tómsfundasjóð flóttabarna á árinu um 500.000 kr.

### Áfallasjóður

Áfallasjóður Rauða krossins er samstarfsverkefni deilda á höfuðborgarsvæðinu og er ætlað að aðstoða fólk við að ná sér aftur á strik eftir ófyrirséð fjárhagslegt áfall, s.s. í tengslum við sjúkdóma og slys. Á árinu bárust 122 umsóknir og voru 83 þeirra samþykktar. Alls var tæpum 12 milljónum króna úthlutað á árinu.



Myndir frá opnun fjöldahjálparstöðva

### Neyðarvarnir

Neyðarvarnir voru stór þáttur í starfsemi Rauða krossins á árinu eins og fyrri ár. Talsverð reynsla er komin á starfsemi Neyðarmiðstöðvar Rauða krossins sem starfrækt hefur verið frá árslokum 2013.

Þrjár nýjar fjöldahjálparstættur bættust við þær 11 sem fyrir voru, í Grindavík, á Selfossi og Patreksfirði.



Neyðarvarnarkerra

### Forvarnaverkefnið 3 dagar

Rauði krossinn stóð áfram fyrir fræðslu fyrir grunnskólanema í 5.-7. bekk um verkefnið 3 dagar en því er ætlað að undirbúa hvert heimili fyrir rafmangslæysi, vatnslæysi o.fl. m.a. vegna náttúruhamfara.

Verkefnið er til þriggja ára og er kostað af Land Rover í Bretlandi með milligöngu breska Rauða krossins og í samstarfi við BL, umboðsaðila Land Rover á Íslandi. Þá veita Heimili og skóli og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra faglega aðstoð.

### Sálfélagslegur stuðningur


Rauði krossinn er leiðandi í sálfélagslegum stuðningi á Íslandi. Langflest útköll Neyðarmiðstöðvar tengdust sálfélagslegum stuðningi og lögð er áhersla á að styðja við samráðshópa áfallahjálpar og áfallateymi um allt land. Fjölsóttur fræðsludagur var haldinn fyrir alla samráðshópa áfallahjálpar á landinu á vormánuðum.

### Skyndihjálp

Rauði krossinn er leiðandi í útbreiðslu skyndihjálpar um allan heim og hefur umsjón með málaflokknum hér á landi samkvæmt samningi við stjórnvöld. Hlutverk félagsins er m.a. að annast þjálfun leiðbeinenda og bjóða upp á fjölbreytt skyndihjálparnámskeið fyrir almenning víða um landið. Rauði krossinn gefur út vandað fræðsluefni fyrir almenning auk þess að halda úti heimasíðunni skyndihjálpar.is og bjóða upp á ókeypis skyndihjálparapp.

### Vefnámskeið í skyndihjálpar á nýjum námskeiðsvef

Rauði krossinn vill gera öllum landsmönnum kleift að læra grunnatriði skyndihjálpar og fjölga í hópi þeirra sem geta bjargað mannlífum. Því hefur Rauði krossinn þróað frá grunni vefnámskeið í skyndihjálpar, það fyrsta sinnar tegundar hér á landi. Undirbúningur og þróun verkefnisins gekk vel á árinu og í lok árs stóð það sjálfbodaliðum opið og almenningi stuttu síðar á nýjum námskeiðsvef félagsins, [namskeid.raudikrossinn.is](http://namskeid.raudikrossinn.is). Vefnámskeiðið er ætlað einstaklingum 15 ára og eldri og getur staðið eitt og sér en getur einnig verið hluti af stærra námskeið þar sem fyrri hlutinn fer fram á vefnum en sá síðari er verklegur undir leiðsögn leiðbeinenda í skyndihjálpar. Vefnámskeið af þessari gerð henta einkar vel þeim sem þarfnast sveigjanleika í námi eða eiga erfitt með sækja löng staðbundin námskeið. Námskeiðið er einnig hentugt fyrir starfsmenn fyrirtækja.



Skjáskot af vefnámskeiði

Sjóvá er bakhjarl Rauða krossins í þessu mikilvæga verkefni.



## Útköll og sjúkragæsluviðburðir ársins

- |   |  |  |
|---|--|--|
| <b>03.01</b> Eftirfylgni vegna bruna                              | <b>18.05</b> Hungurverkfall umsækjanda um alþjóðlega vernd         | <b>16.08</b> Sálrænn stuðningur við einstakling            |
| <b>05.01</b> Áfallaástoð vegna týnds fólks í útivist              | <b>30.05</b> Áfallahjálpar vegna alvarlegs atburðar í heimahúsi    | <b>21.08</b> Sálrænn stuðningur vegna ráns                 |
| <b>07.01</b> Rútuslyss  | <b>04.06</b> Hungurverkfall umsækjanda um alþjóðlega vernd         | <b>23.08</b> Áfallahjálpar vegna alvarlegs atburðar        |
| <b>15.01</b> Húsbruni í Kópavogi                                  | <b>06.06</b> Sálrænn stuðningur við fjölskyldu á Austurlandi       | <b>25.08</b> Sálrænn stuðningur vegna alvarlegs atburðar   |
| <b>16.01</b> Sálrænn stuðningur vegna leitar að einstaklingi      | <b>06.06</b> Sálrænn stuðningur við fjölskyldu í Hafnarfirði       | <b>03.09</b> Sálrænn stuðningur við fjölskyldu             |
| <b>03.02</b> Sálrænn stuðningur fyrir hóp ferðamanna              | <b>08.06</b> Flugatvik á Akureyrarflugvelli                        | <b>05.09</b> Sálrænn stuðningur við fjölskyldu             |
| <b>10.02</b> Hungurverkfall umsækjanda um alþjóðlega vernd        | <b>09.06</b> Sálrænn stuðningur vegna alvarlegs atburðar           | <b>06.09</b> Hungurverkfall umsækjanda um alþjóðlega vernd |
| <b>11.02</b> Húsbruni í Reykjavík                                 | <b>19.06</b> Sálrænn stuðningur vegna alvarlegs atburðar           | <b>12.09</b> Sálrænn stuðningur við fjölskyldu             |
| <b>12.02</b> Áfallahjálpar vegna köfunarslyss                     | <b>07.07</b> Sálrænn stuðningur vegna slyss                        | <b>13.09</b> Flugatvik á Keflavíkurlflugvelli              |
| <b>17.02</b> Áfallahjálpar vegna slyss við útivist                | <b>11.07</b> Fjöldahjálparstöð á Kirkjubæjarklaustri               | <b>20.09</b> Sálrænn stuðningur við fjölskyldu             |
| <b>21.02</b> Áfallahjálpar vegna vitna að alvarlegu umferðarslysi | <b>14.07</b> Sálrænn stuðningur vegna alvarlegs atviks í heimahúsi | <b>22.09</b> Sálrænn stuðningur                            |
| <b>24.02</b> Ófærð á Kjalarnesi                                   | <b>18.07</b> Sálrænn stuðningur vegna alvarlegs atviks í heimahúsi | <b>27.09</b> Vatnavextir á Suðaustur- og Austurlandi       |
| <b>24.02</b> Ófærð á Örfæfum                                      | <b>18.07</b> Áfallaviðtal vegna banaslyss                          | <b>08.10</b> Húsbruni í Reykjavík                          |
| <b>26.02</b> Ófærð á Kjalarnesi                                   | <b>18.07</b> Áfallaviðtal vegna banaslyss á vinnustað              | <b>21.10</b> Sálrænn stuðningur við einstakling            |
| <b>04.03</b> Áfallahjálpar vegna andláts í hópi ferðamanna        | <b>19.07</b> Húsbruni á Mývatni                                    | <b>23.10</b> Sálrænn stuðningur vegna andláts              |
| <b>10.03</b> Húsbruni í Reykjanesbæ                               | <b>21.07</b> Áfallahjálpar vegna alvarlegs vinnuslyss              | <b>26.10</b> Sálrænn stuðningur vegna slyss                |
| <b>10.03</b> Ófærð á Kjalarnesi                                   | <b>22.07</b> Sálrænn stuðningur við einstakling                    | <b>29.10</b> Áfallahjálpar vegna skyndilegs atburðar       |
| <b>10.03</b> Áfallateymi í viðbragðsstöðu vegna köfunaróhapps     | <b>24.07</b> Sálrænn stuðningur vegna alvarlegs atburðar           | <b>03.11</b> Sálrænn stuðningur vegna slyss                |
| <b>15.03</b> Hungurverkfall umsækjanda um alþjóðlega vernd        | <b>25.07</b> Sálrænn stuðningur á skátamóti                        | <b>06.11</b> Sálrænn stuðningur við einstakling            |
| <b>16.03</b> Vopnað rán í Reykjavík                               | <b>27.07</b> Sálrænn stuðningur á skátamóti                        | <b>18.12</b> Sálrænn stuðningur vegna slyss                |
| <b>20.03</b> Sjálfsvígstíllraun umsækjanda um alþjóðlega vernd    | <b>29.07</b> Sálrænn stuðningur vegna slyss í hópi ferðamanna      | <b>26.12</b> Sálrænn stuðningur við björgunarsveit         |
| <b>23.03</b> Sálrænn stuðningur við starfsfólk                    | <b>29.07</b> Sóttvarnarmiðstöð opnuð í Hveragerði                  | <b>31.12</b> Ástoð við erlenda ferðamenn                   |
| <b>23.03</b> Ráðgjöf til vinnuveitenda                            | <b>12.08</b> Ástoð vegna sjúkraflugs                               |  |
| <b>02.04</b> Ástoð við erlenda ríkisborgara                       | <b>15.08</b> Ástoð við erlenda ferðamenn                           |  |
| <b>18.04</b> Vopnað rán í Garðabæ                                 |  |  |
| <b>18.04</b> Sálrænn stuðningur við fjölskyldu                    |  |  |
| <b>22.04</b> Ástoð við ferðamann                                  |  |  |
| <b>28.04</b> Flugatvik á Keflavíkurlflugvelli                     |  |  |
| <b>04.05</b> Sálrænn stuðningur við einstakling                   |  |  |
| <b>09.05</b> Sálrænn stuðningur við einstakling                   |  |  |
| <b>10.05</b> Óveður í Vík   |  |  |



Unnur Lísa Schram bjargaði eiginmanni sínum og var valin skyndihjálparmaður ársins 2016

### Pú getur hjálpað – skyndihjálparveggspjald

Rauði krossinn gaf út nýtt skyndihjálparveggspjald en á því eru upplýsingar um hvernig bregðast má við í neyð. Framsetningin er bæði einföld og skýr og er veggspjaldið fáanlegt á íslensku, ensku og pólsku. Samsvarandi bæklingur var einnig útbúinn í vasastærð en hann er einungis fáanlegur á íslensku.

### Skyndihjálparmaður ársins 2016

Unnur Lísa Schram var valinn skyndihjálparmaður ársins 2016 en hún bjargaði lífi eiginmanns síns, Eiríki Þórkelssyni. Þau hjónin búa ásamt tvíburadætrum sínum og syni á Vorsabæ í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Eiríkur var að jafna sig eftir hjartaaðgerð sem hann hafði farið í um viku fyrir jól. Hann var nýkominn úr göngutúr og sat við hlið Unnar Lísu þegar hann skyndilega stífnaði allur upp. Unnur Lísa áttaði sig strax á að hann væri farinn í hjartastopp og hringdi á 112 og hóf endurlífgun. Tvíburadætur þeirra kölluðu Valgerði nágrannakonu þeirra til aðstoðar og sonur þeirra hjóna, Baldvin, ræddi við 112 og kveikti á hættuljósum á bílnum sínum svo að þyrlla Landhelgisgæslunnar, sem hafði verið ræst út, gæti séð hvar bærinn væri í myrkrinu.

Unnur Lísa hnoðaði eiginmann sinn þar til hjálp barst, eða í um 25 mínútur, þangað til sjúkrabíllinn kom en skömmu síðar kom þyrlla á vettvang og flutti Eirík til Reykjavíkur.

Eftirtaldir aðilar hlutu einnig sérstaka viðurkenningu frá Rauða krossinum fyrir að hafa á árinu 2016 sýnt eftirtektarverða færni í skyndihjálpi við erfiðar aðstæður:

- Andrés Guðmundsson sem hnoðaði eiginkonu sína, þegar hún fór í hjartastopp.
- Bjarki Freyr Örvarsson, 5 ára, sem sýndi mikið snarræði þegar blóðsykurinn féll hjá ömmu hans.
- Jón Gestur Hauksson sem bjargaði mannlífi með skjótum og réttum viðbrögðum þegar gestur á hlaupabretti í heilsuræktarstöð fór í hjartastopp.
- Þórir Stefánsson sem bjargaði lífi bróður síns eftir að hann fór í hjartastopp.



Örnámskeið í endurlífgun á 112-deginum

### 112-dagurinn

112-dagurinn var að venju haldinn um allt land þann 11. febrúar. Víkurdeild hélt upp á 40 ára afmæli sitt þennan dag, Reyðafjarðardeild var með hefðbundna dagskrá í tilefni dagsins auk þess sem tækjasýning var á Hörputorgi og við Reykjavíkurbörn þar sem viðbragðsaðilar sýndu margvíslegan búnað. Rauði krossinn hélt fjölda örnámskeiða í endurlífgun fyrir gesti og gangandi, þ.á.m. Guðna Th. Jóhannesson, forseta Íslands og verndara Rauða krossins, ný Frú Ragnheiður var til sýnis og fjöldahjálparmiðstöð var opnuð.

### Hjálparsími Rauða krossins 1717 og netspjallið

Hjálparsími Rauða krossins 1717 veitir virka hlustun og ráðgjöf um samfélagsleg úrræði til fólks á öllum aldri sem þarf á stuðningi að halda. Hægt að leita til Hjálparsímans í gegnum símanúmerið 1717 og í gegnum netspjallið [www.1717.is](http://www.1717.is) allan sólarhringinn og er þjónustan gjaldfrjál. Hjálparsíminn heyrir undir Neyðarmiðstöð Rauða krossins og gegnir hlutverki upplýsingasíma þegar neyðarástand skapast. Alls störfuðu um 90 sjálfboðaliðar við verkefnið árið 2017 auk 6 starfsmanna.

### Sýnileiki og auglýsingar

Hjálparsíminn heldur iðulega tvær átaksvikur á hverju ári. Nýtt kynningarefni var framleitt þar sem notast var við raunverulegar spurningar sem borist höfðu í skólakynningum þegar Hjálparsíminn 1717 var kynntur. Kynningarátakið var miðað að ungu fólki með sérstaka áherslu á netspjallið. Fyrsta herferðin hófst í byrjun júlí og voru viðbrögðin mjög góð. Önnur átaksvikan með sama efni fór fram 25. september til 8. október og varð hún til þess að 26% aukning varð á símtölum á milli mánaða eða fjölgaði úr 1155 í 1563.

Mér líður stundum eins og ég get ekki meir. Hvernig veit maður hvort maður sé þunglyndur en ekki bara leiður? Hvað get eg gert ef að fyrrverandi kærastinn minn setti myndir af mér á netið? Er ekki fáránlegt að líða illa þótt það sé kannski ekkert augljóst að? Er í lagi að tala við ykkur ef það ekkert sérstakt vandamál, ef maður er bara einn? Er það eitthvað sem maður þótt það sé bara grunnt? Eg er bara leiður og heitli. Er hægt að tala við ykkur út af vandræðum með vini, ef maður er bara einn?

**Það er nóg að byrja á**

# hæ

Ekkert vandamál er of stórt eða of lítið fyrir netspjall **1717**

**HJÁLPARSÍMI OG NETSPJALL RAUÐA KROSSINS .is**  
**1717**  
 Öryggis - Trúnaður - Alltaf opit

**Við erum alltaf til staðar**  
 Um 90 manna hópur sjálfboðaliða starfar við símovörð og spjall hjá Hjálparsímanum 1717 og netspjalli Rauða krossins. Allir sjálfboðaliðar hafa farið í gegnum yfirlýðningu náðla, námskeið og þjálfun. Hlutverk Hjálparsímans 1717 er að vera til staðar fyrir alla þá sem þurfa að ræða ein hjartans máli í trúnaði og einlægi við hlustamann aðila og má segja að ekkert sé Hjálparsímanum óvirkandi.

Hjálparsíminn og Útmeð'a, samstarfsverkefni Hjálparsímans og Geðhjálp, réðust í gerð annars myndbandsins í samstarfi við Tjarnargötuna með það að markmiði að efla vitundavakningu á kvíða meðal ungmenna.



Fulltrúar Útmeða, samstarfsverkefni Hjálparsíma Rauða krossins 1717 og Landssamtakanna Geðhjálpar tóku á móti styrk frá Bartónum, kallakór Kaffibarsins og kvennakórnum Kötlu.

## Tölfræði símtala og spjalla

Samanburður á fjölda samtala:

Samtöl	2016	2017
Heildarsamtöl	14.631	14.710
Netspjöll	2.529	2.657

Flest samtöl bárust í október: 1.501

Næstflest samtöl bárust í júlí: 1.334

Konur: 6.437

Karlar: 5.289

Óvitað: 2.984

Efni samtala	Fjöldi
Einmannaleiki og/eða leiði	1.876
Punglyndi	1.875
Geðröskun	1.561
Kvíði	1.556
Sjálfsvígshugsanir / áhyggjur af sjálfsvígshögðun annarra	721
Áfall	395
Sjálfskaði	267
Sjálfsmynd	515
Árátta og þráhyggja	409
Einelti/stríðni	255
Annað	326
<b>Sálræn vandamál samtals</b>	<b>9.756</b>

Efni samtala	Fjöldi
Vanræksla	99
Samskiptaörðugleikar	676
Ástarmál	523
Fjármál	173
Eigin neysla	453
Annað	32
<b>Félagsleg vandamál samtals</b>	<b>1.956</b>

Fjöldi sjálfsvígssamtala jókst um 34% milli ára eða frá 538 samtölum árið 2016 í 721 samtal árið 2017. Flest samtöl vegna sjálfsvíga bárust í október eða 63 talsins. Fjölgunin þarf ekki að þýða að fleiri séu í sjálfsvígshugleiðingum heldur að fleiri þekki og leiti til Hjálparsímans. Karlar á aldrinum 26-35 ára var stærsti hópurinn sem hafði samband vegna sjálfsvíga.

Ýmsir veita Hjálparsímanum 1717 og netspjallinu lið. Lýðheilsusjóður landlæknisembættisins styrkti Hjálpar-símann um 1 milljón króna, Kaupum til góðs sem er ágóði af kaffisölu til fyrirtækja, gaf af sér tæpar 1,5 milljónir auk fleiri styrkja sem veittir voru til verkefnisins.



# Fjáröflunar- og kynningasvið

Fjáröflunar- og kynningasvið sér um kynninga- og markaðsmál auk fjáraflana fyrir Rauða krossinn. Sviðið vinnur þvert á öll svið landsskrifstofunnar og aðstoðar deildir í kynningarmálum og fjáröflunum. Einnig sér sviðið um móttöku og mötuneyti í húsi Rauða krossins í Efstaleiti 9 og hefur umsjón með húsinu og bifreiðum landsskrifstofunnar.

# Kynningar- og markaðsmál

Árið 2017 var viðburðarríkt sem fyrri ár

Nýtt efni var útbúið fyrir Hjálparsimann 1717 og net-spjallið eins og fram kemur hér að framan. Þá var blásið til mikilla hátíðarhalda þann 11. febrúar á 112 deginum.



Forseti Íslands var á meðal gesta á 112-deginum

## Fræðsla og viðburðir

### Fræðslufundir

Opnir fræðslufundir eru haldnir til að kynna fjölbreytt starf Rauða krossins. Árið 2017 voru þrjár fyrirlestrar haldnir:



Fjöldi fólks við vatnsból í Suður-Súdan

### Suður-Súdan, land á krossgötum.

Hjúkrunarfræðingarnir og sendifulltrúarnir Áslaug Arnoldsdóttir og Helga Pálmadóttir sögðu frá störfum sínum og aðstæðum í Suður-Súdan. Þær Magna Björk Ólafsdóttir og Hólmfríður Garðarsdóttir tóku síðan þátt í pallborðsumræðum að erindinu loknu.



Barnahópur í Malaví

**Þróunarsamstarf í Malaví – vatn, heilbrigði og valdefling stúlkna.** Guðný Nielsen verkefnastjóri á hjálpar- og mannúðarsviði hélt erindi um þróunarverkefni Rauða krossins á Íslandi í Malaví.

**Hælisleitendur á Íslandi.** Áshildur Linnet, verkefnastjóri í félagslegu hjálparstarfi, og Arndís A. K. Gunnarsdóttir, talsmaður hælisleitenda hjá Rauða krossinum á Íslandi, svöruðu ýmsum spurningum er varða komu hælisleitenda til Íslands. Hvernig er ferlið þegar sótt er um hæli? Hvað gerir Rauði krossinn fyrir hælisleitendur? Hvaða aðstoð fær fólk og hvar endar það? Í fyrsta sinn var sýnt frá fyrirlestrinum beint í gegnum Facebook svo þeir sem ekki áttu heimangengt gátu fylgst með.

### Kynningar

Fjölmargar fyrirspurnir berast Rauða krossinum á ári hverju um ýmis málefni og boð um kynningar. Rauði krossinn reynir að sinna öllum beiðnum sem berast og varlega má áætla að á ári hverju séu um hundrað kynningar á starfsemi Rauða krossins haldnar um allt land.

### Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti

Þann 21. mars ár hvert er Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti haldin. Í ár tóku sjálfboðaliðar, skjólstaðingar og starfsfólk Rauða krossins höndum saman utan um Efstaleiti 9 til að sýna samstöðu gegn kynþáttamisrétti.



Hús Rauða krossins séð úr lofti





## Frá Sjálfbóðaliðþingi og skjáskot úr myndbandi

### Sjálfbóðaliðþing – Dagur í lífi Rauða krossins

Sjálfbóðaliðþing var haldið í fyrsta sinn þann 6. maí í blíðskaparveðri. Um 150 sjálfbóðaliðar af landinu öllu komu saman og deildu verkefnum og hugmyndum. Yfirskrift dagsins var Dagur í lífi Rauða krossins og áhersla lögð á að kynna þau fjölmörgu verkefni sem starfrækt eru víðsvegar um landið.

Í tilefni dagsins voru vinnustundir sjálfbóðaliða Rauða krossins á ósköp venjulegum degi teknar saman. Þann 25. október 2016 voru 347 sjálfbóðaliðar að störfum og unnu alls 762.5 klukkustundir – þennan eina dag! Það samsvarar tæplega 100 manns í vinnu í heilan vinnudag. Ef þessi fjöldi vinnustunda er reiknaður yfir á virka vinnudaga þá er árlegt framlag Rauða krossins til samfélagsins, aðeins í formi vinnu sjálfbóðaliða um 450 milljónir króna, varlega áætlað. (miðað við 450.000 kr. meðallaun)

### Hjálpin

Líkt og undanfarin ár kom Hjálpin, fréttablað Rauða krossins út í lok september í samvinnu við Fréttablaðið.

## Alþjóðlegt samstarf

### EPSG fundir

Starfsmenn samskiptasviðsins tóku þátt í tveimur EPSG fundum, fyrst í Barcelona á Spáni og síðan í Sofíu í Búlgaríu.

### Skillshare

Starfsfólk fjáröflunar og kynningarviðs auk starfsfólks frá fatasöfnun og Reykjavíkureild fóru á Nordic Skillshare í Stokkhólmi í mars.

Sviðsstjóri fjáröflunar- og kynningarviðs og verkefnastjóri í fjáröflun fóru á Skillshare í London með öðrum Rauða kross félögum víðs vegar að úr heiminum.

## Samstarf

### Smán

Rauði krossinn lagði leikhópnum Elephant lið með umræðum áður en þau settu upp verkið Smán í Þjóðleikhúsinu. Sýningin var mjög áhrifamikil og fékk áhorfendur til að hugsa um afstöðu sína gagnvart fjölmenningsamfélagi nútímans.



Fjár sjóðskistur lbbý innihalda bækur á ýmsum tungumálum

### Ibby

Ibby (International Board on Books for Young People) eru alþjóðleg samtök sem láta sig málefni læsis og barnabókmennta varða. Íslandsdeild Ibby útbjó fjár-sjóðskistur með bókum á ýmsum tungumálum, auk íslensku, og færði Rauða krossinum. Sérstök áhersla var á að finna bækur sem til væru bæði á íslensku og öðrum tungumálum. Kassarnir sem geyma bækurnar eru fagurlega skreyttir af nemendum teiknideildar Mynd-listarskólans í Reykjavík. Bókakassarnir verða í umsjá Rauðakrossdeilda nærri heimilum barnanna og munu vonandi styrkja tengingu þeirra bæði við móðurmál sitt og íslenskuna og veita þeim gleði og ánægju.

## Fjölmiðlar

### Fjölmiðlaumfjöllun

Rauði krossinn á Íslandi var mikið í fjölmiðlum árið 2017 sem fyrri ár. Mest var umfjöllunin á netmiðlum, þar á eftir í prentmiðlum, síðan í sjónvarpi og útvarpi. Samkvæmt fjölmiðlaskýrslu Credit Info var Rauði krossinn í 65. sæti yfir þau fyrirtæki og félög sem mest var fjallað um á árinu. Fjölmiðlaumfjöllun var mikil um móttöku flóttafólks, umræðu um umsækjendur um alþjóðlega vernd, fatasöfnun Rauða krossins og verslanir auk ýmissar aðstoðar sem sjálfbóðaliðar í neyðarvörnum veittu á árinu.

### Samfélagsmiðlar

Samfélagsmiðlar eru áfram einn helsti vettvangur Rauða krossins til að koma skilaboðum, fréttum, myndefni og öðru til skila. Áfram fjölga fylgjendum á Facebook og í árslok voru um 23.500 fylgjendur Facebook síðu Rauða krossins. Mikið er lagt upp úr því að svara skilaboðum og athugasemdum hratt og örugglega. Twittersíða Rauða krossins hefur verið nýtt m.a. þegar opnaðar hafa verið fjöldahjálparstöðvar. Ef um náttúruhamfarir er að ræða er mikilvægt að vera með virkan aðgang að samfélagsmiðli líkt og Twitter. Bæði Twitter og Facebook reikningar Rauða krossins á Íslandi voru staðfestir (e. *verified*) af samfélagsmiðlunum á árinu og eru því með lítið blátt merki sem gefur til kynna að um hinn eina sanna Rauða krossinn á Íslandi sé að ræða.

## Fjárafilanir

Undanfarin ár hefur rík áhersla verið lögð á að fjölga fjáröflunarleiðum innan Rauða krossins og að auka fjölbreytni í þeim efnum. Deildir eru hvattar til að afla fjár á sínu starfssvæði til að halda úti öflugum og aðkallandi verkefnum. Verklagsreglur í fjáröflun hafa verið settar þar sem m.a. er greint frá verkaskiptingu deilda og landsskrifstofu við fjáröflun.

Almenningur getur styrkt starfið beint með því að:

<b>Senda SMS-ið 1717 í 1900</b>	( 1.000 kr. )
<b>Senda SMS-ið TAKK í 1900</b>	( 1.900 kr. )
<b>Senda SMS-ið HJALP í 1900</b>	( 2.900 kr. )
<b>Senda SMS-ið JOL í 1900</b>	( 2.500 kr. )
<b>Hringja í 904-1500</b>	( 1.500 kr. )
<b>Hringja í 904-2500</b>	( 2.500 kr. )
<b>Hringja í 904-5500</b>	( 5.500 kr. )

**Leggja inn á reikning 0342-26-12, kt. 530269-2649.**

**raudikrossinn.is** - Greiða með kreditkorti.

**gefa.raudikrossinn.is** - Stofna sína eigin söfnun á heimasíðu Rauða krossins.

Safnanir voru í gangi meðal almennings allt árið og áhersla á að hjálpa fólki á flótta undan stríði og ófriði. Í mars hóf félagið söfnun vegna fæðuskorts í Sómalíu og Suður-Súdan. Í nóvember hófst síðan söfnun fyrir flóttafólk í Bangladess.

### Mannvinir

Mannvinir Rauða krossins eru þeir sem styðja með mánaðarlegum framlögum mannúðar- og hjálparstarf Rauða krossins bæði innanlands og utan. Í lok ársins voru Mannvinir Rauða krossins um 14.000 talsins en þeim fjölgaði á árinu og af framlögum þeirra runnu 160 milljónir króna til hjálparstarfs.

Fimm fréttabréf *Pú veitir von* voru send til Mannvina þar sem sagt var frá helstu verkefnum sem þeir styðja hverju sinni og þeim þakkað þeirra ómetanlegi stuðningur við hjálparstarf Rauða krossins.

### Fatasöfnun

Fataverkefni Rauða krossins er mikilvæg fjáröflunarleið til hjálparstarfsins sem allar deildir Rauða krossins koma að. Fatasöfnun, flokkun og úthlutun hefur eflst með hverju ári og margir sjálfbóðaliðar koma að verkefninu um allt land. Rauðakrossbúðir eru 11 talins og eru staðsettar víða um landið auk minni markaða.

Fatasöfnun Rauða krossins er mikilvæg fjáröflunarleið fyrir Rauða krossinn en ljóst að verkefnið áorkar einnig öflugri endurvinnslu og umhverfisvernd. Fatamagn milli ára jókst um 350 tonn. Heildarmagn útflutnings árið 2017 var 3.078.500 kg. Fatnaði að verðmæti 43 milljóna króna var úthlutað til skjólstaðinga á árinu 2017.



## Sjálfbóðaliðar í einni af 11 fataverslunum Rauða krossins

Auk starfsmanna eru sjálfbóðaliðar, dvalargestir Verndar og samfélagsþjónar mikilvægir hlekkir í starfi Fatasöfnunar. Skráðar vinnustundir sjálfbóðaliða í Fatasöfnun voru 7.830 stundir á síðasta ári.

Verslanir og markaðir Rauða krossins um allt land fengu 75 tonn af fatnaði frá Fatasöfnun. Sama snið var á úthlutun fatnaðar til einstaklinga og árið 2016 þar sem einstaklingar fá fatakort sem gilda sem úttekt í verslunum Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu og í Keflavík.

Fatasöfnun að vorlagi er árviss viðburður í starfi Rauða krossins í maímánuði ár hvert. Söfnunin er unnin í samvinnu við Eimskip og Póstinn sem dreifði 120.000 söfnunarpokum á öll heimili landsins. Mikil aukning var á fatamagni næstu þrjá mánuðina í kjölfarið. Eimskip/Flytjandi er einnig góður samstarfsaðili allt árið hvað varðar flutning og móttöku fatnaðar auk þess sem gott samstarf er við Sorpu varðandi ýmsa þætti verkefnisins.

### Rauðakrossbúðirnar

Ný búð var opnuð í Húsavík á árinu og eru Rauðakrossbúðirnar því orðnar alls 12 talsins, víðsvegar um landið auk fata- og nytjamarkaða sem haldnir eru reglulega. Kópavogsdeild Rauða krossins, sem séð hefur um rekstur búðanna á höfuðborgarsvæðinu undanfarnin ár, hætti rekstri þeirra 1. janúar 2018 og færir verkefnið þá yfir til landsskrifstofu. Mikið var lagt í að auka sýnileika á samfélagsmiðlum á árinu með myndum úr búðunum.

### Erfðagjafir

Sífelld fleiri ákveða að arfleiða hluta eigna sinna til góðgerðarmála og Rauði krossinn hefur notið góðs af því. Upplýsingar um erfðagjafir má nálgast á heimasíðu félagsins auk þess að gefin var út bæklingur af Almannaheillum, samtökum þriðja geirans og Samstarfshópi íslenskra mannúðarsamtaka í alþjóðlegu hjálparstarfi og þróunarsamvinnu. Samstarfssamningur við lögmannsstofuna Logos er einnig í gildi varðandi erfðafjármál og erfðaskrárgerð.



Jólaheftin eru send inn á hvert hemili í landinu


### Jólahefti

Þorvaldur Jónsson hannaði jólamerki Rauða krossins í ár. Hann útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands árið 2009. Með málverkum sínum leitast hann við að skapa rómantískan fantasíuheim sem einkennist af dýrum, plöntum og einkennilegum karakterum.

Umfang heftisins var sama og síðustu þrjú árin með upplýsingum um innanlandsstarfið, merkimiðum á jólapakka og límmiðum. Jólaheftin voru send inn á hvert heimili í landinu 117.000 talsins og dreift af Póstinum 6.- 8. nóvember.



Baldur og Þórir



Hafdís, Katla og Sóley

### Tombólubörn og aðrir velunnarar

Tombólubörn eru ómissandi þáttur í starfi Rauða krossins. Framlag tombólubarna var 650.000 krónur árið 2017 og var því varið til stuðnings við munaðarlaus börn í Malaví.



Vinkonurnar Heiðrún og Ósk Laufey söfnuðu servíettum og seldu í Hrafnagilshverfi í Eyjafjarðarsveit nú á dögunum. Þær ákváðu að styrkja Rauða krossinn um það sem safnaðist saman. Við erum ákaflega þakklát fyrir duglega sjálfbóðaliða eins og þær.



Íris og Elín

Nemendur og stjórnendur skóla, bæði grunnskóla og framhaldsskóla, hafa í vaxandi mæli lagt hjálparstarfi Rauða krossins lið í góðgerðarvikum eða öðrum uppákomum. Þar á meðal er Grundaskóli Akranesi sem var með sína árlegu söfnun fyrir Malaví og söfnuðust að þessu sinni 452 þúsund krónur.

Sala minningarkorta skilaði alls tæpum 450 þúsund krónum til innanlandsverkefna.



Kvennadeild Rauða krossins í Reykjavík afhenti Vin, athvarfi Rauða krossins fyrir fólk með geðraskanir, einnar milljón króna styrk. Styrkurinn er að mestu afrakstur fjáröflunar hannyrðahóps deildarinnar á árlegum jólabasar Kvennadeildarinnar. Þórir Guðmundsson forstöðumaður Rauða krossins í Reykjavík tók á móti styrknum. Kvennadeildin, sem varð fimmtug á síðasta ári, hefur um langt árabil verið einn af öflugustu hópum sjálfbóðaliða Rauða krossins.

A black and white photograph of two young women, likely Red Cross volunteers, smiling and embracing each other. They are wearing uniforms and caps. The woman on the right has a cap with the Red Cross logo and the text 'UGANDA RED CROSS'. The woman on the left has a wristband that says 'LOVE YOU'. The background shows a rural setting with trees and a building.

# Hjálpar- og mannúðarsvið

Hjálpar- og mannúðarsvið sinnir í senn verkefnum sem lúta að alþjóðlegu hjálparstarfi sem og verkefnum með og í þágu flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd á Íslandi. Árið 2017 var viðburðarríkt ár á sviði þessara málaflokka og tengdust flest verkefni aðstoð við þolendur vopnaðra átaka, fæðuskorts og öðru flóttafólki sem flúið hafði heimili sín vegna ofbeldis eða ofsókna.



## Fjöldi flóttafólks frá Suður-Súdan hefur leitað skjóls í flóttamannabúðum í Úganda

Stórfelldar hamfarir og átök auka á varnarleysi fólks og hrekur það á flótta. Loftslagsbreytingar valda miklum breytingum á veðrakerfum og fela m.a. í sér hamfarir, þurrka og ofsarigningar með tilheyrandi uppskerubresti og matvælaóöryggi sem geta valdið óstöðugleika og jafnvel vopnuðum átökum. Ein afleiðing hamfara og vopnaðra átaka eru fólksflutningar og flóttamannastraumur. Á sama tíma er mannfjöldi í heiminum enn að aukast. Árið 2025 er því spáð að jarðarbúar verði í kringum 8 milljarðar og 9 milljarðar árið 2043. Aukinn mannfjöldi þýðir að fleiri keppa um takmarkaðar auðlindir, ekki síst í löndum sem nú þegar eru fátæk, hafa veika innviði og eru oft og tíðum stríðshrjád. Þessi þróun í fólksflutningum krefst þess að fleiri þurfa að tala máli mannúðar og umburðarlyndis og um leið berjast gegn fordómum gegn flóttafólki og útlendingum almennt.

Hjálpar- og mannúðarsvið sinnir í senn verkefnum sem lúta að alþjóðlegu hjálparstarfi, alþjóðlegum mannúðarlögum og leitarþjónustu sem og verkefnum með og í þágu umsækjenda um alþjóðlega vernd á Íslandi. Árið 2017 var viðburðarríkt ár á sviði þessara málaflokka og tengdust flest verkefni aðstoð við þolendur vopnaðra átaka, fæðuskorts og öðru flóttafólki sem flúið hafði heimili sín vegna ofbeldis eða ofsókna. Fjöldi flóttamanna í heiminum var í upphafi árs alls 65,6 milljónir sem þýðir að einn af hverjum 113 jarðarbúum hafi þurft að flýja vegna vopnaðra átaka, ofbeldis og ofsókna. Fjöldinn hélt áfram að aukast á árinu og er talið að á þriggja sekúndna fresti bætist nýr einstaklingur í þann hóp. Langstærstur hluti fólks á flótta er flóttafólk innan eigin landamæra eða leitar skjóls í nágrennaríkjum sínum í von um að geta snúið til baka um leið og aðstæður leyfa. Aðeins lítt hluti flóttafólks leitar hælís í Evrópu.

Með auknum fjölda flóttamanna vex þörfin fyrir alþjóðlegan stuðning. Stundum nær tiltekið ástand augum fjölmiðla og almennings en stundum ekki og stundum missa fjölmiðlar áhuga á ástandi sem hefur varað lengi. Þannig er hættu á að tiltekið ástand fái litla sem enga umfjöllun og þar af leiðandi verður erfiðara að fjármagna hjálparstarf á því svæði. Geta einstaka landsfélaga Rauðakrosshreyfingarinnar til að bregðast við er stundum takmörkuð, oft vegna skorts á fjármagni, sterkum innviðum og upplýsingatækni til að samhæfa og skipuleggja hjálparstarf á vettvangi án utanaðkomandi aðstoðar og hefur Rauði krossinn á Íslandi lagt áherslu á að styrkja og aðstoða systurfélög sín við að byggja upp eigin getu til að sinna hjálparstarfi.

Rauði krossinn á Íslandi, líkt og önnur landsfélög hreyfingarinnar, gegnir ákveðnu stöðlutverki við stjórnvöld á sviði mannúðarmála, sbr. lög nr. 115/2014. Félagið hefur lengi verið í samvinnu og samstarfi við ráðuneyti og stofnanir sem hafa snertifleti við störf félagsins. Sem dæmi má nefna áralangt samstarf við utanríkisráðuneytið á sviði þróunarsamvinnu, mannúðaraðstoðar og alþjóðlegra mannúðarlaga, við dómsmálaráðuneytið varðandi málefni umsækjenda um alþjóðlega vernd og velferðaráðuneytið varðandi málefni flóttafólks.

### Umsækjendur um alþjóðlega vernd

Rauði krossinn hefur frá árinu 2014 sinnt réttaraðstoð og talsmannþjónustu fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd auk þess að sinna félagslegu hjálparstarfi og félagsstarfi fyrir sama hóp. Þjónustan árið 2017 var með sama sniði og undanfarin ár þar sem talsmenn og verkefnastjórar unnu saman í einu teymi með heildræna nálgun á réttindum og þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Árið 2017 sóttu 1.095 einstaklingar um alþjóðlega vernd á Íslandi. Í töflunum má sjá helstu upplýsingar um m.a. fjölda mála, kærulutfall og niðurstöðu afgreiddra mála hjá Útlendingastofnun á árinu.

Á árinu 2017	Fjöldi
Fjöldi umsækjenda um alþjóðlega vernd	1.095
Fjöldi afgreiddra mála hjá ÚTL	1.292
Meðalmálsmeðferðartími hjá ÚTL í efnismeðferðarmálum	191 dagur
Fjöldi umsækjenda sem fékk alþjóðlega vernd og dvalarleyfi af mannúðarástæðum	135
Kærulutfall á neikvæðum ákvörðunum ÚTL	71%
Fjöldi mála sem vísað var aftur til ÚTL frá KNU til nýrrar meðferðar	94

Niðurstaða afgreiddra mála hjá Útlendingastofnun 2017	Fjöldi
Staða flóttamanns	84
Viðbótarvernd	37
Mannúðarleyfi	14
Synjað um vernd	322
Dublin endursending	235
Synjað vegna verndar í öðru ríki	38
*Önnur lok	562
<b>Samtals</b>	<b>1.292</b>

\* önnur lok (umsókn dregin til baka eða umsækjandi horfinn fyrir birtingu ákvörðunar)

#### Viðburðir með umsækjendum um alþjóðlega vernd:

Mánuður	Fjöldi viðburða	Klst. í sjálfböðaliðavinnu	Fjöldi sjálfböðaliða	Fjöldi umsækjenda sem aðstoða	Fjöldi þáttakenda
Janúar	33	148	75	7	774
Febrúar	32	168	88	7	810
Mars	46	314,5	151	14	1.161
Apríl	25	133,5	67	10	438
Mái	30	129,5	62	29	502
Júní	28	130	70	29	567
Júlí	27	215	65	27	621
Ágúst	29	145	72	42	573
September	51	253,5	109	47	901
Október	57	288	126	47	1.119
Nóvember	62	324,5	161	69	1.128
Desember	31	156,5	70	39	884
<b>Samtals</b>	<b>451</b>	<b>2.406</b>	<b>1.116</b>	<b>367</b>	<b>9.488</b>

Ýmisleg tölfræði	
Hlutfall þeirra sem nutu aðstoðar talsmanna	99,5% hjá ÚTL og 99,7% hjá KNU*
Fjöldi umsækjenda í þjónustu á mánuði að meðaltali	585
Fjöldi mánaðarlegra viðburða í félagsstarfi að meðaltali	37
Fjöldi umsækjenda sem sótti félagsviðburði 2017	9.488 skráðar komur
Fjöldi mætinga umsækjenda sem aðstoðuðu við viðburði 2017	367
Fjöldi mætinga sjálfböðaliða Rauða krossins í verkefninu	1.116
Fjöldi klukkustunda í sjálfböðavinnu	2.406
Fjöldi hungurverkfalla á árinu 2017	4
Fjöldi dauðsfalla umsækjenda á árinu 2017	2
Fjöldi útkalla áfallateymis Rauða krossins	9

\* ÚTL = Útlendingastofnun. KNU = Kærunefnd útlendingamála

Rauði krossinn leitast við að auka félagslega þátttöku umsækjenda um alþjóðlega vernd í skipulögðum viðburðum á vegum félagsins. Alls var 451 viðburður haldinn fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd á árinu og var þátttaka almennt mjög góð. Dæmi um félagsleg verkefni voru opið hús fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd, heimsóknir í búsetuúrræði, konumorgnar, fót-bolti, tungumálakennsla, gönguferðir, hjólaverkefni, listkennsla fyrir börn, ljósmyndaverkefni o.fl.

# Róhingjar á flóttu í Bangladess

Bjargaðu lífi.  
**Sendu TAKK  
í síma 1900**



## Söfnunarherferð til styrktar Róhingjum

### Erlend verkefni

Á árinu 2017 kom Rauði krossinn á Íslandi að verkefnum í ellefu löndum í þremur heimsálfum. Verkefni eru ýmist tvíhliða, marghliða og í gegnum Alþjóðasamband Rauða krossins og Alþjóðaráð Rauða krossins. Verkefni Rauða krossins miðast við sérstöðu hreyfingarinnar, sem eru meðal annars að bregðast fljótt við neyð, vinna á heimsvísu og nýta krafta sjálfbóðaliða í grasrótinni. Að auki störfuðu 32 sendifulltrúar félagsins í alls 23 ríkjum við fjölbreytt verkefni. Unnt var að sinna þessum verkefnum með stuðningi Mannvina Rauða krossins og utanríkisráðuneytisins.

Aukin áhersla var lögð á verkefni sem tengdust heilbrigði, sálrænum stuðningi, fólki á flóttu og stuðning við systurfélög til að sinna öflugri hjálparstarfi. Þá var aukin áhersla lögð á kynja- og jafnréttissjónarmið í verkefnum sem Rauði krossinn á Íslandi kemur að.

### Framlög frá utanríkisráðuneytinu

Verkefni tengd alþjóðlegu hjálparstarfi námu 20% af heildargjöldum, voru alls 464 m.kr. og þar af komu tæpar 100 m.kr. frá utanríkisráðuneytinu, auk þess sem ráðneytið samþykkti 70 m.kr. framlag í árslok sem verður ráðstafað til verkefna á árinu 2018.



Sjálfbóðaliði Rauða krossins að störfum í Suður-Súdan

Stærstu framlög ársins fóru til brýnnar mannúðar- og neyðaraðstoðar í S-Súdan, Sómalíu, Úganda, Sýrlandi, Jemen, Malaví og Hvíta Rússlandi auk þess sem félagið sendi mikinn fjölda sendifulltrúa til aðstoðar Róhingjum í Bangladess. Deildir félagsins lögðu alls rúmar 10 m.kr. til alþjóðlegs hjálparstarfs.



# Verkefni Rauða krossins á Íslandi á alþjóðlegum vettvangi

- Utanríkisráðuneytið styður við verkefni Rauða krossins á Íslandi í Hvíta-Rússlandi, Líbanon, Malaví, Sómalíu, Sýrlandi, Suður-Súdan og Úganda.
- Þau lönd þar sem vinna við verkefnið Brúun hins stafræna bils er hafin eru: Búrúndí, Líbería, Malaví, Sambía, Senegal og Tansanía.
- Verkefni í Malaví eru styrkt af utanríkisráðuneytinu og einnig hluti af Brúun hins stafræna bils.
- Verkefni á Kýpur sem Rauði krossinn styrkir.

Grænland ■  
Hvíta-Rússland ■  
Georgía ■  
Armenía ■  
Sýrland ■  
Kýpur ■  
Líbanon ■  
Palestína ■  
Sómalía ■  
Suður-Súdan ■  
Úganda ■  
Búrúndí ■  
Tansanía ■  
Sambía ■  
Malaví ■  
Senegal ■  
Líbería ■

Land	Verkefni	Markmið	Hverjir studdu við verkefnið auk Rauða krossins
Armenía og Georgía	Efla viðbragðsgetu og samræma viðbragðsaðila á sviði neyðarvarna í Suður-Kákasus.	Skjót og skilvirk viðbragðsgeta vegna hamfara sunnan Kákasusfjalla.	ECHO, Rauði krossinn í Austurríki, Danmörku og Sviss.
Brúun hins stafræna bils í Búrúndí, Líbería, Malaví, Sambía, Senegal og Tansanía	Uppbygging upplýsinga- og fjarskiptatækni landsfélaga í Afríku.	Auka skipulag hjálparstarfs og getu í tæknimálum.	Utanríkisráðuneytið, Íslandsbanki.
Grænland	Uppbygging ungmennastarfs.	Koma í veg fyrir félagsleg vandamál.	Mannvinir Rauða krossins.
Hvíta-Rússland	Athvarf fyrir fólk með geðraskanir.	Bætt lífsskilyrði fólks.	Utanríkisráðuneytið.
Kýpur	Styðja uppbyggingu Rauða krossins við að veita flóttafólki og öðrum sálrænan stuðning.	Að Rauði krossinn á Kýpur geti veitt faglegan og vandaðan sálrænan stuðning.	Rauði krossinn á Íslandi.
Líbanon	Efla neyðarheilbrigðisþjónustu og gæðakerfi.	Styðja við og auka getu líbanska Rauða krossins til athafna.	Utanríkisráðuneytið.
Malaví	Uppbygging Rauða krossins í Malaví, bætt heilbrigðisþjónusta og betri aðgangur að hreinu vatni. Stuðningur við menntun berskjaldaðra barna.	Aukið hreinlæti til að draga úr pestum, valdefling stúlkna og kvenna.	Utanríkisráðuneytið, Mannvinir Rauða krossins, tombólubörn ársins 2017, danski, finnski og ítalski Rauði krossinn.
Neyðarsvæði	Stuðningur við konur á blæðingum á neyðarsvæðum.	Innleiðing hreinlætisstaðla, vitundarvakning um þarfir kvenna á blæðingum á neyðarsvæðum.	Mannvinir Rauða krossins.
Palestína	Sálrænn stuðningur fyrir þolendur átaka.	Þjálfá sjálfboðaliða til að draga úr þjáningum.	Mannvinir Rauða krossins.
Sómalía	Heilsugæsla á hjólum.	Draga úr barnadauða, bólusetningar, almenn heilsugæsla og ungbarnaeftirlit.	Mannvinir Rauða krossins.
Sómalía	Heimili fyrir munaðarlaus börn.	Bætt lífsskilyrði og velferð barna.	Utanríkisráðuneytið og tombólubörn ársins 2016.
Sómalía	Stuðningur vegna þurrka.	Auka aðgengi að mat og hreinu drykkjarvatni til að koma í veg fyrir hungursneyð.	Utanríkisráðuneytið, Mannvinir Rauða krossins.
Sýrland	Barátta gegn kynferðislegu ofbeldi.	Aðstoða og fræða þolendur kynferðisofbeldis og auka aðgengi að heilbrigðisþjónustu.	Utanríkisráðuneytið, Mannvinir Rauða krossins.
Suður-Súdan	Barátta gegn kynferðislegu ofbeldi auk almenns mannúðarstarfs.	Styðja við flóttafólk og aðstoða þolendur kynferðisofbeldis.	Utanríkisráðuneytið, Mannvinir Rauða krossins.
Úganda	Sálrænn stuðningur við flóttafólk og aðgengi að hreinu vatni og hreinlæti.	Efla starfsmenn og sjálfboðaliða í sálrænum stuðningi. Hindra frekari útbreiðslu sjúkdóma.	Utanríkisráðuneytið, Mannvinir Rauða krossins.

# Ný verkefni og breytingar á árinu

## Brúun hins stafræna bils

Rauði krossinn á Íslandi hefur undanfarin ár lagt grunninn að stóru uppbyggingarverkefni á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni í Afríkulöndum í samstarfi við Alþjóðasamband hreyfingarinnar (IFRC). Mörg landsfélög glíma við miklar hindranir þegar kemur að skipulagningu á hjálparstarfi sínu sem helgast meðal annars af skorti á tölvubúnaði og lélegri internettengingu. Á árinu fór Halldór Gíslason, verkefnastjóri á rekstrar- og upplýsingatækni sviði Íslandsbanka, sem sendifulltrúi Rauða krossins til Búrúndí, Líberíu, Malaví, Sambíu, Senegal og Tansaníu og aðstoðaði landsfélögin við að leita úrræða til að auka getu þeirra í tæknimálum. Íslandsbanki lánar Rauða krossinum á Íslandi starfskrafta Halldórs, sem hluta af Hjálparhandarverkefni bankans, þar sem starfsmenn leggja til að minnsta kosti einn dag á ári til að aðstoða góðgerðarfélög.



Kátir krakkar á Grænlandi

## Grænland

Rauði krossinn á Íslandi styður við uppbyggingu ungmennastarfs systurfélags síns á Grænlandi. Uppbyggingar er þörf enda félagsleg vandamál ungmenna mikil á Grænlandi, mörg flosna upp úr skóla og hafa lítið fyrir stafni. Unnið er að því að byggja upp öflugan hóp af vel þjálfuðum, ungum sjálfboðaliðum. Sjálfboðaliðarnir vinna svo á skipulagðan hátt að því að ná til berskjaldaðra ungmenna, rjúfa einangrun þeirra, veita þeim sálrænan stuðning og virkja til þátttöku í uppbyggilegu félagsstarfi, leikjum og fræðslu.

## Sómalía

Sómalía er eitt af áherslulöndum Rauða krossins á Íslandi og hefur félagið markvisst stutt við Rauða hálfmánann í Sómalíu með aðstoð Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) undanfarin ár. Frá því í apríl 2017 hefur Rauði krossinn á Íslandi, með stuðningi frá utanríkisráðuneytinu, styrkt mannúðarstarf sómalska Rauða hálfmánans og Alþjóðasambandsins vegna mikilla þurrka í Sómalíu undanfarin misseri. Vegna lítillar úrkomu stóðu landsmenn frammi fyrir miklum vatns- og fæðuskorti. Beitiland var víða illa farið og fjöldi hirðingja missti

búfenað sinn. Starf Rauða krossins og Rauða hálfmánans hefur gert það að verkum að þúsundir einstaklinga hafa fengið aðgang að mat og næringarúrræðum ásamt aðgangi að hreinu drykkjarvatni og viðeigandi heilsufarsþjónustu. Rauði krossinn á Íslandi stefnir á að halda áfram að styðja við mannúðarstarf vegna þurrkana í Sómalíu árið 2018, auk annarra verkefna á svæðinu.

## Sýrland

Mikill fjöldi kvenna og stúlkna hefur þurft að sæta kynferðislegu ofbeldi frá því stríðið í Sýrlandi hófst fyrir rúmlega sjö árum. Alþjóðaráð Rauða krossins (ICRC) í samstarfi við sýrlenska Rauða hálfmánann hóf í byrjun árs 2017 sérstakt verkefni, samhliða öðrum mannúðarverkefnum, er lítur að baráttunni gegn kynferðislegu ofbeldi í stríði. Með góðum stuðningi frá utanríkisráðuneytinu studdi Rauði krossinn á Íslandi verkefnið sem miðar að því að aðstoða þolendur kynferðisofbeldis að auknu aðgengi að lækniástoð. Sjúkrahús, heilsugæslustöðvar og færanleg heilsugæsluþjónusta sýrlenska Rauða hálfmánans fengu fjárhagslegan og efnislegan stuðning og starfsfólk aukna þjálfun svo hægt væri að halda uppi viðeigandi lækniþjónustu fyrir þolendur kynferðislegs ofbeldis samhliða sálrænum stuðningi. Alþjóðaráðið vann einnig ötulit forvarnarstarf gegn kynferðislegu ofbeldi, ásamt því að tryggja hlutlausan aðgang mannúðaraðstoðar að átakasvæðum til handa þolendum átaka, með endurteknu samtali við stjórnvöld og aðra aðila átaka, um ákvæði alþjóðlegra mannúðarlaga og skyldu þeirra á tímum átaka til að virða og vernda almenna borgara gegn hvers kyns ofbeldi þ.m.t. kynferðislegu ofbeldi.



Aðgengi að hreinu vatni komið á í flóttamannabúðum í Úganda

## Úganda

Árið 2017 hélt Rauði krossinn á Íslandi, með fjárstuðningi frá utanríkisráðuneytinu, áfram að styðja við mannúðarstarf Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) og Rauða krossins í Úganda fyrir flóttafólk frá Suður-Súdan. Straumur flóttafólks til Úganda fór stigvaxandi á árinu, en áætlað er að undir lok árs 2017 hafi rúmlega 2,1 milljón einstaklinga flúið vopnuð átök í Suður-Súdan frá því átökin hófust árið 2013 og rúmlega ein milljón þeirra leitað skjóls í



## Fæðuskortur í Sómalíu og Suður-Súdan

Bjargaðu lífi.  
**Sendu TAKK  
í síma 1900**

### Herferð vegna mikillar neyðar í Sómalíu og Suður-Súdan

flóttamannabúðum í Úganda. Lögð var sérstök áhersla á aðgengi að hreinu vatni, salernisaðstöðu og hreinlæti í þeim tilgangi að hindra frekari útbreiðslu sjúkdóma. Þrjú sálfræðingar á vegum Rauða krossins á Íslandi fóru á vettvang í apríl og tveir aftur í ágúst og héldu námskeið í sálrænum stuðningi fyrir starfsmann og fjölmarga sjálfboðaliða Rauða krossins í Úganda.

#### Suður-Súdan

Rauði krossinn á Íslandi styður mannúðarstarf Alþjóðaráðs Rauða krossins (ICRC) sem starfar náið með Rauða krossinum í Suður-Súdan að því að aðstoða þolendur átaka í landinu hvað varðar helstu lífsnauðsynjar. Árið 2017 fengu um 558.000 einstaklingar matvæli og 258.000 einstaklingar helstu búsaðhöld, teppi, sápur og moskítónet. 242.000 íbúar landsins fengu einnig aðgang að hreinu vatni. Árið 2017 náði Alþjóðaráðið einnig að koma á sambandi milli þúsunda einstaklinga sem höfðu orðið viðskila vegna átaka og sameina fjölskyldur, m.a. börn og unglinga sem höfðu verið numin á brott frá fjölskyldum sínum.

Í verkefnum sínum árið 2017 lagði Alþjóðaráðið þverfaglega áherslu á baráttuna gegn kynferðislegu ofbeldi í vopnuðum átökum og aðstoð við þolendur kynferðislegs ofbeldis. Rauði krossinn á Íslandi studdi það verkefni sérstaklega í Suður-Súdan með stuðningi frá utanríkisráðuneytinu. Verkefnið miðaði að því að veita þolendum kynferðislegs ofbeldis sálrænan stuðning en einnig buðu heilsugæslustöðvar upp á sértæka lyfjameðferð sem miðar að því að minnka líkurnar á að þolendur fái smitsjúkdóma í kjölfar kynferðisofbeldis. Íbúar fengu einnig fræðslu um mikilvægi þess að leita læknaaðstoðar strax í kjölfar kynferðisofbeldis. Alþjóðaráðið studdi einnig opnun miðstöðvar fyrir konur, m.a. þolendur kynferðisofbeldis,

þar sem þær fá farnipjálfun og ráðgjöf. Alþjóðaráðið lagði sérstaka áherslu á forvarnarstarf með reglulegu samtali og fræðslu við aðila átaka um alþjóðleg mannúðarlög og lagalegar skyldur þeirra sem taka þátt í átökum er snúa að vernd og virðingu til handa almennum borgurum, m.a. vernd gegn kynferðislegu ofbeldi. Þorkell Þorkelsson ljósmyndari fór í sendiferð til Suður-Súdan ásamt framkvæmdastjóra Rauða krossins á Íslandi og sviðsstjóra hjálpar- og mannúðarsviðs og myndaði starfsemi Alþjóðaráðsins og þau verkefni sem Rauði krossinn á Íslandi styður við.

#### Blæðingar, aðstoð til kvenna á neyðarsvæðum

Í október í 2017 hóf Alþjóðsamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) verkefni er lítur að stuðningi við konur á blæðingum á neyðarsvæðum. Verkefnið er byggt á tilraunaverkefni Alþjóðasambandsins sem fram fór í Búrúndí, Úganda, Madagaskar og Sómalílandi. Gerðar verða leiðbeiningar fyrir landsfélög Rauða krossins og Rauða hálfmánans, auk annarra mannúðarstofnana sem starfa á neyðarsvæðum, með það að markmiði að innleiða hreinlætisstaðla fyrir konur og stúlkur á blæðingum á neyðarsvæðum, m.a. með margnota, umhverfisvænum dömubindum. Auk þess mun verkefnið ýta undir vitundarvakningu hvað varðar þarfir kvenna á blæðingum á neyðarsvæðum, m.a. með gerð teiknimyndar sem verður nýtt til upplýsinga og þjálfunar þeirra starfsmanna og sjálfboðaliða sem vinna að vatns- og hreinlætismálum á neyðarsvæðum. Stefnt er að því að gerð leiðbeininga, hreinlætisstaðla og myndbands ljúki í lok júní 2018 en verkefninu er ætlað að styðja sérstaklega við konur og stúlkur á neyðarsvæðum í austur- og sunnanverðri Afríku, ásamt eyjum Indlandshafs.

## Safnanir fyrir neyðaraðstoð

Farið var í tvær neyðarsafnanir á árinu. Fyrst var safnað vegna yfirvofandi hungursneyðar í Suður-Súdan, Sómalíu og Jemen en vegna uppskerubrests og þurrka er afar mikill fæðuskortur á þessu svæði og lýst var yfir hungursneyð í nokkrum héruðum.

Seinni söfnunin var vegna fólksflutninga frá Mjanmar til Bangladess, en um 600.000 manns flúðu heimkynni sín og hófust við í Cox's Bazar í Bangladess þar sem m.a. var komið upp tjaldsjúkrahúsi sem fjölmargir íslenskir sendifulltrúar störfuðu við. Söfnunin var enn í gangi í árslok 2017.

## Sendifulltrúar Rauða krossins á Íslandi árið 2017

Árið 2017 var annasamt ár hvað varðar sendifulltrúaverkefni. Sjaldan hafa fleiri sendifulltrúar farið út á einu ári eða starfsferðir verið jafn margar. Alþjóðahreyfingin sendi út fjölda neyðarbeiðna víða um heim bæði vegna náttúruhamfara og stríðsátaka. Á haustmánuðum fram að jólum voru beiðnirnar svo margar að nauðsynlegt var að setja upp forgangsverkefnalista og 11 nýir sendifulltrúar fengu sína eldskírn í störfum fyrir Rauða krossinn, margir hverjir við mjög erfiðar aðstæður. Flestir þeirra störfuðu við neyðartjaldsjúkrahúsið í Bangladess eða 5, en alls voru 15 sendifulltrúar við störf í Bangladess frá lok september til áramóta. 32 einstaklingar af Veraldarvakt Rauða krossins voru að störfum fyrir Rauða krossinn á Íslandi en að auki tók einn sjálfboðaliði þátt í ungmennaverkefni í Malaví og þar er einnig danskur sendifulltrúi sem sinnir að hluta störfum í tvíhliða þróunarsamvinnuverkefni. Starf þessara 33 einstaklinga spannaði alls 77 mannmánuði í 40 sendiferðum. Alls sinntu 10 konur 12 verkefnum og 6 karlar unnu að 6 verkefnum.

## Samanburðartafla 2012 – 2017 yfir fjölda útsendra sendifulltrúa á einu ári

Ár	Fjöldi sendifulltrúa	Fjöldi verkefna	Mannmánuðir
2017	32	40	75,50
2016	15	18	67,32
2015	24	29	70,25
2014	15	21	55,25
2013	15	17	63,25
2012	15	17	73,5

Eins og oft áður voru heilbrigðisverkefni sá málaflokkur sem flestir sendifulltrúar störfuð að á árinu 2017 eða 20 sendifulltrúar. Fyrir utan Bangladess voru heilbrigðis-tengd verkefni í Úganda, Suður-Súdan, Jemen, Pakistan og Íran.

Verkefni	Fjöldi starfsmanna	Mannmánuðir
Fjármál og stjórnun	3	14.2
Fjármál og stjórnun ef starfsmenn með fasta samninga við Alþjóðastofnanir Rauða krossins, búsettir í Genf, eru teknir með	5	38.20
Upplýsinga- og kynningarstörf	4	5.61 (þar af 3 í kjölfar viðbragða við fellibyljahamförum á eyjum Karíbahafsins)
Heilbrigðisverkefni	20	26.59
Uppbygging og þróun	3	5.10
<b>Samtals</b>	<b>35*</b>	<b>51.50 (með starfsfólki í Genf – 75.50)</b>

Sömu sendifulltrúar fóru í nokkrar starfsferðir

## Fjölbreytt verkefni víða um heim Staðsetning sendifulltrúa

Heimshluti	Fjöldi sendifulltrúa	Fjöldi mannmánuða
Afríka	8	12.12
Ameríka og eyjar í Karíbahafinu	1	3
Asía	16 (þar af 15 í Bangladess, 1 í Pakistan)	18.89
Miðausturlönd	3	4
Evrópa	5	13.49
Ef starfsmenn með fasta samninga við Alþjóðastofnanir Rauða krossins, búsettir í Genf, eru teknir með	7	37.49
<b>Samtals</b>	<b>34</b>	<b>75.50</b>

## Alþjóðleg námskeið fyrir verðandi sendifulltrúa

Ekki var haldið IMPACT grunnnámskeið fyrir sendifulltrúa hér á landi á árinu en sex nýir einstaklingar bættust við á Veraldarvaktina eftir að hafa sótt IMPACT námskeið hjá Rauða kross félögum Norðurlandanna. Tveir sendifulltrúar sóttu ERU námskeið (e. Emergency Response Unit) hjá Rauða krossinum í Noregi í september sem haldið var í Indónesíu að þessu sinni. Um var að ræða tvo hjúkrunarfræðinga sem báðar héldu til starfa á ERU neyðartjaldsjúkrahúsinu í Bangladesi í kjölfarið. Einn sendifulltrúi, sem starfar sem hjúkrunarfræðingur, fór á FACT námskeið (e. Field Assessment

Course Training) á vegum Alþjóðasambandsins. Hún er með margþætta reynslu fyrir Alþjóða Rauða krossinn og í ERU verkefnum.

Einn sálfræðingur í PSS (e. Psychosocial Support) teyminu sótti námskeið um Sexual, Gender Violence hjá Alþjóðasambandi Rauða krossins (IFRC) við Psycho-social Reference Center í Kaupmannahöfn.

Einstaklingar sem fengu grunn- og framhaldsþjálfun voru því alls 10.



## Sendifulltrúar Rauða krossins í Bangladesi

### SENDIFULLTRÚAR ÁRSINS 2017

#### Aleksandar Knezevic

rafvirki og tæknimaður, Cox's Bazar í Bangladesi.

#### Ágústa Hjórdís Kristinsdóttir

bráðahjúkrunarfræðingur, Cox's Bazar í Bangladesi.

#### Björg Sigurjónsdóttir

bráðahjúkrunarfræðingur, Cox's Bazar í Bangladesi.

#### Dóra Vigdís Vigfúsdóttir

svæfingahjúkrunarfræðingur, Cox's Bazar í Bangladesi.

#### Elín Jónasdóttir

sálfræðingur, Úganda í tvær starfsferðir.

#### Elín Jakobína Oddsdóttir

skurðhjúkrunarfræðingur, Afganistan (biðstaða í Dushaneb, Tadjikistan), Peshawar í Pakistan auk Jemen. Starfsferðirnar þrjár voru allar fyrir Alþjóðaráð Rauða krossins (ICRC).

#### Ellen S. Björnsdóttir

bráðahjúkrunarfræðingur, Cox's Bazar í Bangladesi.

#### Guðbjörg Sveinsdóttir

geðhjúkrunarfræðingur, Cox's Bazar í Bangladesi.

#### Guðbrandur Örn Arnarson

verkefnastjóri (neyðarviðbrögð og aðgerðarmál), Georgía.

#### Halldór Gíslason

kerfisfræðingur, Malaví, Tanzanía, Kenía, Búrundí, Líbería og Sambía í þremur starfsferðum. Halldór er starfsmaður Íslandsbanka en bankinn styður fjárhagslega við verkefnið.

#### Helga Þórólfsdóttir

hóf störf hjá sendinefnd Alþjóðaráðs Rauða krossins í Evrópu við að samræma samvinnuverkefni (e. cooperation coordinator). Búdapest, Ungverjaland.

#### Hildur Ey Sveinsdóttir

barnhjúkrunarfræðingur, Cox's Bazar í Bangladesi.

#### Hlér Guðjónsson

heimspekingur og upplýsingafulltrúi, Sómalía. Utanríkisráðuneytið studdi við aðgerðir Rauða krossins í Sómalíu og sendiför Hlés.

#### Hólmfríður Garðarsdóttir

hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir, Íran og Cox's Bazar í Bangladesi. Báðar starfsferðirnar voru á vegum Alþjóðaráðs Rauða krossins (ICRC).

#### Hrönn Hákanson

hjúkrunarfræðingur, Cox's Bazar í Bangladesi.

#### Jóhann Thoroddsen

sálfræðingur, Úganda í tvær starfsferðir.

#### Jóhanna Elisabet Jónsdóttir

hjúkrunarfræðingur, Cox's Bazar í Bangladesi.

#### Jón Brynjar Birgisson

sviðsstjóri, Uummannaq á Grænland.

#### Lilja Óskarsdóttir

hjúkrunarfræðingur, Cox's Bazar í Bangladesi.

#### Margrét Rögn Hafsteinsdóttir

hjúkrunarfræðingur, Cox's Bazar í Bangladesi.

#### Margrét Björnsdóttir

gjörgæsluhjúkrunarfræðingur, Cox's Bazar í Bangladesi.

#### Matthías Matthíasson

sálfræðingur, Úganda.

#### Róbert Þorsteinsson

viðskipta- og hagfræðingur, Sómalía. Utanríkisráðuneytið studdi við aðgerðir Rauða krossins í Sómalíu og sendiför Róberts.

#### Sigurjón Örn Stefánsson

svæfingalæknir, Cox's Bazar í Bangladesi.

#### Sólrún María Ólafsdóttir

verkefnastjóri og sérfræðingur, Antigua og Dominica.

#### Porkell Þorkelsson

ljósmyndari, Suður-Súdan.

#### Þórunn Hreggviðsdóttir

skurðhjúkrunarfræðingur Ebril í Norður Kúrdistan (Mosul).

Þrjú sendifulltrúar voru kallaðir af Veraldarvakt Rauða krossins til að sinna kennslu á námskeiðum fyrir sendifulltrúa:

#### David D. Lynch

verkefnastjóri í neyðarstjórnun, Svíþjóð (IMPACT)

#### Hlér Guðjónsson

heimspekingur og upplýsingafulltrúi, Svíþjóð (IMPACT).

#### Magna Björk Ólafsdóttir

hjúkrunarfræðingur, Indónesía ERU (e. Emergency Response Unit – Health)

Eins og fyrr ár voru tveir sendifulltrúar af Veraldarvakt Rauða krossins á Íslandi við störf fyrir stofnanir Alþjóðaráð Rauða krossins í Genf:

#### Karl Sæberg Júlísson

afbrotfræðingur, Genf.

#### Pálína Ásgeirsdóttir

hjúkrunarfræðingur, Genf.

Auk þess voru að störfum:

#### Kristín Björk Smáradóttir

ungmennafulltrúi, Malaví.

#### Kristine Primdal

umsýsla og eftirlit í Malaví samkvæmt samstarfssamningi við Rauða krossinn í Danmörku.



# Fjármál

# 2017



# Tekjur og framlög 2017

Heildartekjur Rauða krossins til verkefna námu alls 2.556 milljónum á árinu 2017 og hækkuðu um tæp 5% á milli ára.

Samningsbundin verkefni fyrir ríki og sveitarfélög voru stærsti tekjuliðurinn, alls 763 m.kr. og snúa að sjúkraflutningum, þjónustu við hælisleitendur og flóttamenn og alþjóðlegu hjálparstarfi. Tekjur af söfnunarkössum námu 586 m.kr. og hækkuðu um tæp 5% frá fyrra ári. Sölustarfsemi gaf alls 426 m.kr. og frjáls framlög frá fyrirtækjum og einstaklingum námu 334 m. kr., þar af námu félagsgjöld til deilda 27 m.kr.

Heildarráðstöfun til verkefna félagsins jókst um rúmar 100 m.kr. frá fyrra ári og nam 2.274 m.kr. Alls fóru 960 m.kr. til innanlandsstarfs (sbr. skiptingu á mynd). Um þriðjungur af gjöldum vegna verkefna innanlands tengdist þjónustu landsskrifstofu og deilda við hælisleitendur og flóttamenn skv. samningum við ríkið. Tveimur þriðju hluta var varið í annað innlent mannúðar- og hjálparstarf félagsins um allt land s.s. neyðarvarnir

og skyndihjálp, Hjálparsímann, rekstur athvarfa og ýmsan félagslegan- og fjárhagslegan stuðning.

Verkefni tengd alþjóðlegu hjálparstarfi námu 20% af heildargjöldum, voru alls 464 m.kr. og þar af komu tæpar 100 m.kr. frá Utanríkisráðneytinu. Stærstu framlög ársins fóru til brýnnar mannúðar- og neyðaraðstoðar í S-Súdan, Sómalíu, Úganda, Sýrlandi, Jemen, Malaví og Hvíta Rússlandi auk þess sem félagið sendi mikinn fjölda sendifulltrúa til aðstoðar Rohingjum í Bangladesh. Deildir félagsins lögðu alls rúmar 10 m.kr. til alþjóðlegs hjálparstarfs.

Hagnaður Fatasöfnunar var 79 milljónir og hækkaði um 6 m.kr. milli ára. Flutt voru út alls 3.079 tonn af fatnaði sem var aukning um 13% frá fyrra ári og meira magn en nokkru sinni fyrr.

Rekstrartekjur Sjúkrabílasjóðs námu alls 581 m.kr., þar af var framlag ríkisins 246 m.kr.

Alls störfuðu hjá félaginu að meðaltali 102 starfsmenn á árinu, þar af voru að jafnaði 3 sendifulltrúar að störfum allt árið.

## Lykiltölur úr rekstrinum

Tekjur í milljónum króna	2017	2016	2015	2014	2013
Söfnunarkassar	586	560	497	497	474
Frjáls framlög	334	357	309	322	339
Samningar við stjórnvöld	763	731	374	348	228
Sjúkraflutningar	320	323	265	224	141
Sölustarfsemi	426	390	340	320	246
Aðrar tekjur	128	75	88	219	95
<b>Samtals</b>	<b>2.556</b>	<b>2.436</b>	<b>1.873</b>	<b>1.929</b>	<b>1.641</b>

Framlög til verkefna í milljónum króna	2017	2016	2015	2014	2013
Alþjóðahjálparstarf	404	414	255	304	350
Alþjóðasamstarf	60	60	67	52	58
Innanlandsstarf	960	803	598	603	463
Sjúkraflutningar	409	378	399	337	307
Hjálparsíminn	28	32	32	30	27
Athvörf Rauða krossins	114	95	91	78	81


Sundurliðun innanlands	2017	%
Deildarstarf	172	18%
Skyndihjálp og neyðarvarnir	70	7%
Athvörf Rauða krossins	114	12%
Hjálparsíminn	28	3%
Flóttamenn og hælisleitendur	337	35%
Einstaklingsaðstoð	13	1%
Félagslegur stuðningur	130	14%
Önnur innanlandsverkefni	96	10%
<b>Samtals</b>	<b>960</b>	<b>100%</b>

Alþjóðlegt hjálparstarf	2017	%
Neyðaraðstoð	306	76%
Þróunarsamvinna	38	9%
Sendifulltrúar	60	15%
<b>Samtals</b>	<b>404</b>	<b>100%</b>



# Tekjur og útgjöld 2017

## Próun tekna síðustu 5 ár




## Heildartekjur Rauða krossins á Íslandi á árinu 2017 námu 2.274 milljónum króna

### Skipting útgjalda eftir verkefnum



### Alþjóðaverkefni



Landsskrifstofa Rauða krossins  
Efstaleiti 9  
103 Reykjavík  
Sími 570 4000  
central@redcross.is  
www.raudikrossinn.is

